

Ed. 611. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Gísla Jónssyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist 3 nýjar málgr., er orðist svo:
Bætur samkvæmt þessari grein skulu til ársloka 1954 vera háðar þeim takmörkunum, að árstekjur hlutaðeiganda að viðbættum bótum fari ekki fram úr 44 þús. kr. á 1. verðlagssvæði og 33 þús. kr. á 2. verðlagssvæði miðað við vísitölu 155.
Til ársloka 1954 skulu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris samkvæmt 15. gr. laganna, sbr. 5. gr. þessara laga, hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga og tilsvarandi fyrir hjón.
Nú reynist hækkun fjölskyldubóta, mæðralauna og elli- og örorkulífeyris samkvæmt þessari grein nema meiru en 14 millj. kr. á ári miðað við vísitölu 155, og skal þá ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins það, sem umfram er.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „til ársloka 1954“ komi: til ársloka 1953.